

Sumarlestur

Höfum gagn og gaman af lestri



2018

SUNNUDAGUR

MÁNUDAGUR

ÞRIÐJUDAGUR

MIDVIKUDAGUR

FIMMTUDAGUR

FÖSTUDAGUR

LAUGARDAGUR

Finndu uppskrift að uppáhalds kökunni þinni, lestu uppskriftina og bakaðu.

Heimsæktu bókasafnið. Hvaða áhugamál áttu? Er til bók um áhugamálið þitt?

Lestu bók úti, inni, uppi og niðri.



Lestu bók um fjöll eða fjöru. Spennandi að fara í fjallgöngu eða fjöruferð. Er eitthvað úr bókinni að finna á fjallinu eða í fjörunni?


Búðu til leir og mótaðu stafi og orð.



Lestu bók um Ísland.



Áttu gæludýr eða á einhver sem þú þekkir gæludýr? Lestu bók fyrir gæludýr.



Ertu að fara í útilegu? Lestu í tjaldinu, á grasinu, í sandinum eða uppi á kletti.

Hlustaðu á hljóðbók.



Lestu við vasaljós, undir teppi eða í svefnpoka.



Haltu dagbók í sumar. Skrifðu og teiknaðu upplifanir þínar.

Lestu skáldsögu.



Lestu bók með stafrófinu. Hvað segir þinn stafur? Hvað heitir hann? Hvernig skrifar þú hann?

Skrifaðu sögu og lestu hana upphátt.

Lestu draugasögu.



Búðu til orðabók eða stafabók. Safnaðu orðum eða stöfum í sumarfríinu. Getur þú fundið samheiti orða?

Lestu bók með besta vini eða vinkonu. Eru til bækur um vináttu?



Lestu bók um uppáhalds íþróttina þína. Stattu á haus og farðu með ljóð.

Leiðist þér stundum í bílnum á ferðalagi? Lestu, syngdu eða hlustaðu á hljóðbók.

Lestu með stækkunargleri.



Ferðu stundum í matvöru-búð? Fáðu að vera með í að skrifa innkaupalista. Getur þú lesið hann upphátt í búðinni?

Búðu til notalegt leshorn heima með púðum, teppi og uppáhalds bókunum þínum.

Syngdu bók! Syngdu öll orðin í heilli bók.

Lestu bók um uppáhalds dýrið þitt.

Búðu til myndabók um sumarfríð þitt. Taktu myndir í fríinu og skrifaðu sögur við myndirnar.

Lestu bók um skordýr eða köngulær. Veltu við steini, þar liggur kannski skordýr í leyni.

Ertu að fara til útlanda í sumar? Lestu bók um landið sem þú ferðast til. Lestu landakort.



Fáðu mömmu og/eða pabba, ömmu og/eða afa til að velja bók og lesið hana saman.

Áttu fjölskyldu úti á landi eða í útlöndum? Lestu fyrir hana á Skype eða Facetime.

Lestu ljóðabók – semdu ljóð.



Lestu bók sem fær þig til að hlæja, undrast eða finna til kærleika.

Rannsóknir sýna:

- Að lestrarfærni barna hrakar í sumarfríinu.
- Að börnum, sem eiga erfiðast með lestur, fer mest aftur í lestrarfærni yfir sumartímann.
- Að á einu skólaári getur afturför endurspeglað allt að þriggja mánaða mun á lestrarfærni milli nemenda.
- Að í fyrstu sex bekkjunum getur þessi munur endurspeglað allt að eitt og hálf ár af lestrarfærni, einungis af völdum minnkandi lesturs yfir sumarmánuðina.